

Rætt við Ragnar Jónsson, veitingamann

Eftir áramót 1981 reyndi ég nokkrum sinnum að ná tali af Ragnari Jónssyni veitingamanni. Vegna veikinda Ragnars bar fundum okkar ekki saman fyrr en seint í febrúarmánuði. Þá kom í ljós að minni hans var ekki nægilega gott til þess að því mætti treysta. Vegna þess varð að ráði að sonur Ragnars, Jón, færi með mér yfir þær upplýsingar sem ég fékk hjá Ragnari. Að því búnu ráðfærði Jón sig við móður sína og leitaði einnig upplýsinga eftir öðrum leiðum. Við Jón hittumst svo í aprilmánuði og töluðum saman. Var þá ákveðið að ég skráði sögu Ragnars eftir þeim upplýsingum sem við Jón töldum að unnt væri á að byggja. Samkomulag varð um að ágripid að veitingasögu Ragnars yrði ekki hreinritað fyrr en eftir að ég væri búinn að lesa það yfir með Jóni. Saga Ragnars er þessi:

Ragnar Valur Jónsson er fæddur að Gaulverjabæ í Flóa 30. júní árið 1912. Foreldrar hans voru Rakel Ólafsdóttir og Jón Magnússon. Ragnar var næstyngstur fjögurra albræðra.

Það mun hafa verið árið 1918 að fjölskylda Ragnars fluttist til Reykjavíkur. Jón tók þar til við að stunda verslunarstörf. Við fleira mun hann einnig hafa unnið. Hann lenti í fjárhagsörðugleikum og missti heilsuna er Ragnar var nýlega fermdur. Eftir það varð Ragnar að standa á eigin fótum. Hann fékk fyrst vinnu við verslunarstörf, vann í nokkur ár hjá Björgólfi Stefánssyni og síðar Marteini Einarssyni. Ragnar segist hafa verið 18 ára gamall er hann ákvað að gerast veitingaþjónn. Hann réðst þá til náms hjá Theodór Johnson í Oddfellowhúsinu. Sennilega hefur hann verið hátt á annað ár hjá Theodór en þá skipti hann um vinnustað og gerðist þjónn hjá Ríkisskip. Hann var bæði á Súðinni og Esju og vann undir stjórn brytanna Gísla Kærnested og Elíasar Dagfinnssonar. Frá Ríkisskip fór Ragnar til Eimskips og gerðist þar þjónn á Brúarfossi, að því er hann telur árið 1933.

Síðsumars 1934 verður sú breyting á högum Ragnars að hann gerir félag við Svavar Kristjánsson þjón um leigu á veitingahúsnæði í Vestmannaeyjum. Húsið nefndist Óskasteinn, en oftast kallað Kuðungur. Var það í eigu Óskars Sigurðssonar, útgerðarmanns. Þeir félagar nefndu veitingastað sinn Skógafoss. Í Skógafossi ráku þeir mat- og aðra veitingasölu og efndu til dansleikja. Telur Ragnar að um 150 manns hafi rúmast á dansleikjunum. Í Skógafossi störfuðu 5-6 manns. Þeir félagar héldu uppi starfsemi

í Skógafossi veturinn 1934-1935, en vorið 1935 fóru þeir með veitingatæki sín að Skógum undir Eyjafjöllum þar sem þeir leigðu skóláhúsnæði til veitingareksturs. Ekki reyndist þessi útgerð þeim arðvænleg og fóru þeir slyppir burt að sumarvertíð lokinni. Veturinn 1935-1936 var Ragnar við lausavinnu í Vestmannaeyjum. Árið 1935 kvæntist Ragnar Júlíönu Erlendsdóttur frá Vestmannaeyjum.

Það varð að ráði vorið 1936 að Ragnar færi með bróður sínum, Ólafi, vestur að Stapadal í Arnarfirði þar sem þeir reistu bú. Þeir bræður voru þar um sumarið. Hinn 18. september 1936 skall á mannskaðaveður. Olli það stórtjóni á búi þeirra bræðra, braut báta og hús. Það leiddi til þess að þeir urðu afhuga búskap í Stapadal og ákvað Ragnar þá að flytjast til Patreksfjarðar með fjölskyldu sína og leita sér þar atvinnu. Á Patreksfirði réðst Ragnar á togarann Vörð þar sem hann varð matsveinn. Síðar varð hann matsveinn á hvalbátum sem gerðir voru út frá Tálknafirði. Ragnar fluttist til Reykjavíkur haustið 1939. Hann varð fyrst matsveinn á fiskflutningaskipi, svo matsveinn á Selfossi en síðar þjónn á Brúarfossi. Þar var þá bryti Brynjólfur Brynjólfsson, sem síðar rak Café Höll. Árið 1941 tók Ragnar við veitingarekstri í Golfskálanum í Öskjuhlíð. Ragnar telur að áður en hann kom þar til vinnu hafi lítill sem enginn veitingarekstur verið í skálanum. Nokkru eftir að Ragnar kom til starfa í skálanum varð það að ráði að hann tæki veitingareksturinn þar á leigu. Hann breytti þá rekstrinum þannig að í stað þess að halda einungis uppi veitingum fyrir félagi golfklúbbsins fór hann að leigja skálan til samkvæma. Ragnar segir að á þessu árabili hafi í skálanum verið skotið skjólshúsi yfir áhafnir norskra skipa, sem björguðust eftir að skip þeirra höfðu verið skotin í kaf. Um tíma var svo lítið að gera í skálanum að Ragnar vann við framreiðslustörf í veitingahúsum. Sagðist hann þá hafa verið þjónn um tíma á Hótel Heklu, í Café Höll og Oddfellow. Ragnar annaðist veitingarekstur í Golfskálanum til ársins 1946.

Haustið 1945 tók Ragnar á leigu helming annarrar hæðar í húsi Sveins Egilssonar við Hverfisgötu 116. Þar stofnaði hann dansstaðinn Þórscafé. Í Þórscafé rúmduðust 220 gestir. Fyrstu fjögur árin var matsala og almennar veitingar í Þórscafé og dansleikir um helgar. Eftir því sem aðsókn að dansleikjum fór vaxandi varð augljósara að þar væri fremur fjárvon en með almennri

veitingasölu. Tekin var upp sú regla að bjóða gömlu dansana á fimmtudags- og laugardagskvöldum en almenn dansleiki önnur kvöld. Þeim var fjölgað þangað til dansað var í Þórscafé á hverju kvöldi alla daga vikunnar. Árið 1952 leigði Ragnar þann hluta annarrar hæðar sem áður hafði verið leigður öðrum. Þar efndi hann til samkvæma. Í þeim salarkynnum rúmduðust um 120 veislugestir. Sameiginlegt eldhús var fyrir hvort tveggja, veisluhöld og dansleiki.

Upphaflega hóf Ragnar starfsemi í Þórscafé í félagi við Baldvin Guðmundsson. Nokkru síðar stofnuðu þeir veitingastofuna Vöggur í húsnæði á horni Vitastígs og Laugavegar. Eftir að rekstur hennar var kominn í fastar skorður varð það að samkomulagi að slíta félagsskapnum. Fékk Baldvin þá veitingastofuna í sinn hlut en Ragnar Þórscafé. Í Þórscafé reyndi Ragnar að auka aðsókn með því að fá erlenda skemmtikrafta. En smám saman tókst að tryggja starfsemi svo örugglega í skemmtanalífi borgarinnar að fljótlega varð troðfullt um helgar og sæmileg aðsókn aðra daga vikunnar. Þó að engar vínveitingar væru leyfðar og eftirliti haldið uppi með því að gestir hefðu ekki áfengi í fórum sínum, varð oft sú raunin á að nokkur áfengisneysla var á dansleikjum, en Ragnar telur að af þeim sökum hafi aldrei komið til vandræða. Þegar Ragnar varð þess fullviss að framtíð starfseminnar í húsnæðinu við Hverfisgötu 116 væri ótrygg hófst hann handa um undirbúning að flutningi hennar á nýjan stað. Önnur hæðin í húsi Sveins Egilssonar var seld Brunabótafélagi Íslands. Starfsemi Ragnars í húsinu við Hverfisgötu 116 lauk árið 1957.

Árið 1955 var Reinhart Lárusson kaupmaður búinn að byggja fyrstu hæð stórhýsis sem hann hugðist reisa við Brautarholt 20. Um það samdist að Ragnar keypti af Reinhart réttinn til að byggja þrjár hæðir ofaná hæðina sem Reinhart var búinn að reisa. Að Reinhart látnum keypti Albert Guðmundsson jarðhæðina. Þá hæð keypti Ragnar árið 1975 af Albert Guðmundssyni. Ragnar hóf byggingarframkvæmdir við Brautarholt 20 árið 1955. Búið var að reisa þrjár hæðir af byggingu Ragnars árið 1957. Þá opnaði hann Þórscafé á nýja staðnum. Dansrýmið var í um 400 fermetra húsnæði á annarri hæð hússins. Það rúmaði um 320 gesti. Á hæðinni var einnig eldhús. Til að byrja með var það lítið notað þar sem veitingar

til gesta voru einungis kaffi, gosdrykkir og smurt brauð. Þriðja hæðin var seld Verkfræðingafélagi Íslands. Á fjórðu hæð voru skrifstofur og íbúð húsvarðar. Fyrirkomulag dansleikjanna – gömlu dansarnir fimmtudags- og laugardagskvöld, almennir dansleikir önnur kvöld – var hið sama og verið hafði í húsnæði fyrirtækisins við Hverfisgötu. Engar vínveitingar voru leyfðar. Skemmtistaðurinn varð strax mjög vinsæll og reksturinn bar sig vel. Það leiddi til þess að ákveðið var að stækka húsrýmið og breyta rekstrinum þannig að Þórscafé yrði fyrsta flokks veitingahús þar sem fólk gæti komið saman til að borða, neyta drykkjarfanga og dansa þrjú kvöld í viku. Í þessu skyni var hafin bygging á baklóð hússins. Var þar reist tveggja hæða bygging samtals um 350 fermetrar að flatarmáli. Breytingunum var lokið árið 1977. Voru núverandi veitingasalir þá opnaðir.

Á jarðhæð er diskótek með tveim vinstúkum. Þar rúmast um 400 gestir. Í viðbyggingunni eru vinstúkur og veitingasalir á tveim hæðum og innangengt á milli þeirra. Þar rúmast samtals um 200 gestir. Á annarri hæð er stór veitingasalur, þrjár vinstúkur og rúmgott dansgólf. Í þessum salarkynnum er rými fyrir 400 gesti. Alls rúmast samtímis um 1000 gestir í Þórscafé. Þar sem sömu gestirnir sitja ekki að jafnaði frá opnun og til þess lokað er munu þess dæmi um að allt að 1400 aðgöngumiðar hafi verið seldir á einu kvöldi. Undantekningalítið er veitingastaðurinn mjög fjölsóttur og komast mörg kvöld færri en vilja þangað sér til skemmtunar. Fast starfsfólk er ekki nema 8 manns, en þegar opið er kvöldin þrjú er þar rúmlega 40 manna starfslíð. Ein hljómsveit er í húsinu auk skemmtikrafta innlendra og erlendra.

Jón, sonur Ragnars Jónssonar, er veitingaþjónn að menntun. Auk þess var hann í tvö ár við nám í veitingafræðum við hótelskóla í Lausanne í Sviss. Jón gerðist meðeigandi Ragnars í Þórscafé árið 1974 og annaðist þar störf með Ragnari næstu tvö árin. Árið 1976 varð á sú breyting að tengdasonur Ragnars, Björgvin Árnason, eignaðist hlut Jóns í fyrirtækinu. Hann hefur síðan verið framkvæmdastjóri með Ragnari og annast nú allan daglegan rekstur í Þórscafé. Björgvin er ekki sérmenntaður í veitingastarfsemi en hefur unnið við hana samfellt í rúma tvo áratugi.

Brúarlundur í Vaglaskógi var veitingastaður í tveim gömlum herbröggum

sem tengdir höfðu verið saman með viðbyggingu. Ragnar tók Brúarlund á leigu vorið 1947 og hélt þar uppi gisti- og veitingastarfsemi til haustsins 1952. Að Brúarlundi voru 28 gistiherbergi í öðrum hermannaskálanum en í hinum var haldið uppi veitingastarfsemi. Þar gátu samtímis verið allt að 300 manns. Ragnar hélt uppi almennri gisti- og veitingastarfsemi að Brúarlundi. Auk þess var þar efnt til dansleikja um helgar. Hér var einungis um starfsemi að ræða á sumrin. Jón telur að fyrstu árin hafi starfsemi Ragnars að Brúarlundi verið mjög arðbær. Síðari ár var barist í bökkum. Þá ákvað Ragnar að hætta. Einhver skemmti- og veitingastarfsemi var að Brúarlundi eftir að Ragnar hætti þar en hún lögnaðist útaf, skálarnir dröbbuðust niður og voru svo rifnir.

Frá upphafi þáttar Ragnars Jónssonar í veitingastarfsemi að Valhöll segir í sögum þeirra Þorvalds Guðmundssonar og Sigursæls Magnússonar sem voru meðeigendur Ragnars fyrsta starfstímabil Ragnars að Þingvöllum sumarið 1962. Í lok þess seldi Þorvaldur þeim Sigursæli og Ragnari eignarhlut sinn. Fyrstu árin annaðist Sigursæll framkvæmdastjórn en síðar seldi hann Ragnari hlut sinn og varð Ragnar eftir það forstöðumaður starfseminnar að Valhöll þangað til hann leigði Valhöll s.l. sumar. Jón Ragnarsson gerðist meðeigandi að Valhöll árið 1976 og er enn helmingafélag milli þeirra feðga um eignina. Jón skýrir frá því að fyrir Þjóðhátíðina 1974 hafi miklar breytingar verið gerðar á húsnæðinu. Gömul gistiálma var rifin og ný reist í hennar stað, eldhús var endurbyggt og vistarverur starfsfólks lagfærðar. Alls eru nú 40 herbergi í Valhöll með 80 rúmum og allir veitingasalir rúma samtals um 400 gesti. S.l. sumar leigði tengdasonur Ragnars, Ómar Hallsson, Valhöll af þeim feðgum og annaðist þar gisti- og veitingastarfsemi.

Það er skoðun Jóns Ragnarssonar að í Valhöll verði naumast unnt að halda uppi mjög arðvænlegum rekstri að sumarlagi og megi teljast viðunandi ef hann stendur sæmilega í járnnum.

Heilsufari Ragnars Jónssonar hefur hrakað mjög að undanfögnu og er hann nú af þeim sökum orðinn óvinnufær. ❄

Apríl 1981